



# LITLI SÁMUR

Fréttabréf Hundaræktarfélags Íslands  
2. tbl. – Ágúst 2015

**Vinnuhundadeild HRFÍ** hélt tvöfalt vinnuþróf 1-2. júlí. Í sporaprófi þann 1. júlí stóð Kolgrímu Golden boy Hólm uppi sem sigurvegari í spori 1 með 97 stig og næsta dag lauk blendingurinn Kátur bronsþrófi í hlýðni með 150 stig. Enginn hundur hlaut 1. einkunn í hlýðni 1. Dómari báða daga var Albert Steingrímsson.



**Retrierverdeild HRFÍ** hélt glæsilega deildarsýningu og tveggja daga veiðipróf helgina **10.-12. Júlí**. Philippe Lammens frá Belgíu var fenginn til þess að dæma hundana í ræktunardóm á laugardeginum. Fjögur hundakyn sem tilheyra deildinn voru sýnd, Labrador, Golden, Nova Scotia Duck Tolling og Flat coated Retriever. Valdi Philippe labrador hundinn All Hail The King Peter 's Gang sem besta hund sýningar. Veiðiprófin fóru fram á föstudeginum og sunnudeginum, dómari var Ole J. Andersen frá Noregi.



**Fuglahundadeild HRFÍ** var með fjölmennt sækipróf helgina **18. og 19. Júlí**. Dómari var Kjell Larssen frá Noregi. Fyrri daginn var prófið haldið við Kleifarvatn og seinni daginn var það fært að Hafravatni. Einkunnahlutfall hefur aldrei verið hærra frá upphafi sækiprófa.



**Vinnuhundadeild HRFÍ** stóð fyrir sporaprófi miðvikudagskvöldið **22. júlí** í blíðskaparveðri, prófið var haldið í Guðmundarlundi í Kópavogi. Blíðskaparveður var og vel gekk hjá hundunum að rekja slóðina sem lögð hafði verið fyrir þá. Dómari var Albert Steingrímsson.



Föstudagskvöldið **24. júlí** hélt **Hundaræktarfélag Íslands** hvolpasýningu og það kvöld fór einnig fram keppni ungra sýnenda. Það voru íslensku dómarnir Lilja Dóra Halldórsdóttir og Ásta María Guðbergsdóttir sem dæmdu á sýningunni. Lilja Dóra valdi svo fjóra eldri og fjóra yngri hvolpa sem mættu í úrslitakeppni á laugardeginum hjá sænska dómaranum Jan Törnblom. Í flokki 4-6 mánaða hvolpa var það ameríski cocker spaniel hvolpurinn Eldhuga Just Between Us sem stóð uppúr sem sigurvegari. Í eldri hvolpaflokki 6-9 mánaða var það schaffer hvolpurinn Gjósku Tófa Tignarlega sem bar sigur úr þítum.



Keppni ungra sýnenda dæmdu Denis Sabolic frá Króatíu. Yngri flokkinn sigraði Stefanía Stella Baldursdóttir. Denis valdi úr eldri flokki fjóra fulltrúa sem kepptu í úrslitum á laugardeginum. Hafdís Jónabórarinsdóttir stóð uppi sem sigurvegari eftir harða keppni.



**Reykjavík Winner sýning HRFÍ** fór fram laugardaginn 25. júlí í blíðskapar veðri. Sýningin var haldin á félagssvæði hestamannafélagsins Fáks í Víðidal. Vakti sýningin mikla lukku og voru dómarnir mjög ánægðir með gæði hundana hér á landi. 9 dómara frá 6 löndum dæmdu bestu hunda tegundar. Hátt í 500 hundar voru skráðir til leiks og besti hundur sýningar var valinn Kingsen's Finest Kastor af tegundinni síðhærður minature Dachshund.



**Alþjóðleg sýning HRFÍ** fór svo fram á sunnudeginum 26. júlí. Aftur voru skráðir um 500 hundar til leiks og mættu þeir hjá öðrum dómurum en þeir höfðu gert á laugardeginum. Ekta Íslenskt veður lék um sýnendur og skiptist á skin og skúrir. Almenn ánægja var meðal gesta og fór sýningin vel fram. Besti hundur sýningar var minature poodle tíkin

Kudos Lyckliga Gatan. Þetta er í annað árið í röð sem félagið býður uppá tvöfalda útisýningu yfir hásumarið og ríkti almenn ánægja með þá tilbreytni.



**Stjórn HRFÍ** hefur staðfest sýningadómarréttindi **Daníels Arnar Hinrikssonar**. Daníel hefur réttindi til að dæma Bichon Havanais, Cavalier King Charles Spaniel, Coton De Tulear, Tíbetskan Spaniel og Chihuahua (báðar feldgerðir). Daníel er sjöundi sýningadómariinn sem útskrifast úr námi sem félagið hefur staðið fyrir undir handleiðslu DKK síðastliðin fimm ár. Það er mikill fengur fyrir félagið að eignast íslenska dómara.



## Ágúst mánuður verður rólegur hjá félaginu, en þó eru alltaf einhverjir viðburðir

**Skráning** er hafin á **september sýningu HRFÍ** og er síðasti skráningardagur **föstudaginn 21. ágúst**.

**Augnskoðun** á vegum félagsins verður haldin í tengslum við september sýningu HRFÍ helgina 18.-20. september. Opnað verður fyrir skráningu um miðjan ágúst.

**Ungmennadeild HRFÍ** heldur dag deildarinnar hátíðlegann **sunnudaginn 23. ágúst**. Þar fá börn frá þriggja ára aldri að spreyta sig sem sýnendur. Keppt verður í hefðbundnum flokkum ungra sýnenda en þess utan verða tveir fullorðinsflokkar, þar sem vænta má harðrar keppni fólks á öllum aldri. Síðasti skráningardagur fyrir þennan skemmtilega viðburð er **mánudagurinn 17. ágúst**.

**Sporapróf** á vegum **Vinnuhundadeildar HRFÍ** verður haldið **þriðjudaginn 25. ágúst**. Staðsetning verður nánar auglýst.